

Fundargerð stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands

Stjórnafundur Skólaskrifstofu Austurlands var haldinn fimmtudaginn 25.10.2012 kl. 14:00 á bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar á Reyðarfirði. Mættir voru: Gunnþórunn Ingólfssdóttir, formaður stjórnar, Björn Ingimarsson, Jón Þórðarson, Vilhjálmur Jónsson, Gauti Jóhannesson, Páll Baldursson og Páll Björgvin Guðmundsson. Þorsteinn Steinsson var forfallaður. Einnig sat fundinn Sigurbjörn Marinósson, forstöðumaður.

Dagskrá:

- 1. Fjárhagsáætlun 2013**
- 2. Ársreikningur 2011**
- 3. Önnur mál**

Gunnþórunn stjórnarði fundi og bauð fundarmenn velkomna.

1. Forstöðumaður lagði fram tillögu að fjárhagsáætlun ársin 2013. Í tillögunni er gert ráð fyrir rekstrartekjum kr. 61.749.208,- og rekstargjöldum upp á kr. 65.749.208,- Rekstrarhalla upp á kr. 4.000.000,- verður mætt með greiðslu úr sjóði skrifstofunnar. Framlög sveitarfélaga verða kr. 47.524.208,- Þessi fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir aukningu sálfræðiþjónustu sem nemur hálfu stöðugildi. Áætlunin var rædd og voru fundarmenn sammála um nauðsyn þess að stytta bið eftir sálfræðiþjónustu. Þá var þeim tilmælum beint til framkvæmdastjórnar að skoða málið frekar, hvernig best verður unnið á biðlistum og hvað er ásættanlegur biðtími eftir þjónustu. Fundarmenn sammála að vísa fjárhagsáætlun til aðalfundar til afgreiðslu og samþykktar.
2. Forstöðumaður lagði fram ársreikning 2011, ásamt endurskoðunarskýrslu. Niðurstaða ársreikningsins er rekstrarhalli kr. 2,8 millj. skv. rekstrarreikningi. Rekstrartekjur námu kr. 340.835.240,- Rekstrargjöld voru kr. 344.042.404,- Hreinar fjármunatekjur 403.119,- Rekstraráætlun gerði ráð fyrir halla upp á kr. 6.000.000,- Af rekstrartekjum B-deildar byggðasamlagsins komu kr. 234.780.539,- úr Jöfnunarsjóði vegna málefna fatlaðs fólks og kr. 63.027.539,- framlög frá aðildarsveitarfélögum vegna sama málaflokks. Rekstrarkostnaður B-deildar nam kr. 297.818.963,-

Ársreikningurinn var ræddur og samþykktur af stjórn. Að því loknu var ársreikningurinn undirritaður af stjórnarmönnum og honum vísað til aðalfundar.

3. Önnur mál:

- a. Forstöðumaður greindi frá fundi þjónustuhóps SKA frá 17.10.2012, um málefni fatlaðs fólks, sbr. liðir a-d hér í fundargerðinni.

Auglýst var eftir styrkumsóknum sbr. 27. gr. laga um málefni fatlaðs fólks. Grein 27 fjallar um aðstoð v/ félagslegrar hæfingar og endurhæfingar vegna tækja eða náms. Umsóknarfrestur var til 5. október sl. – Umsóknir voru 9 talsins upp á kr. 369.000,-. Til úthlutunar voru kr. 700.000,- Ákveðið var að auglýsa aftur eftir nýjum styrkumsóknum í nóvember vegna þeirra fjármuna sem eftir eru eða kr. 331.000,-. Stjórnin samþykkir að úthlutað verði að nýju skv. tillögu þjónustuhópsins.

- b. Forstöðumaður greindi frá tveimur málum sem varða aukna þjónustu miðað við sem nú er veitt. Reiknað er með að fjármunir muni berast vegna beggja málanna og verður gert ráð fyrir þeim í rekstraráætlun málaflokksins fyrir árið 2013.
- c. Erindi frá félagsmálastjóra Fljótsdalshéraðs. Óskað er eftir þátttöku í kostnaði vegna alvarlegra veikinda starfsmanns sem starfar við málaflokkinn. Reiknað er með að starfsmaðurinn verði frá vinnu í allt að 6 mánaði. Málið var rætt og vísað til frekari skoðunar í framkvæmdastjórn.
- d. Erindi frá félagsmálastjóra Fljótsdalshéraðs – Lýsir yfir áhyggjum af því að of litlir fjármunir hafi verið ætlaðir til stjórnunar á félagsþjónustusviðunum þegar málefni fatlaðs fólks fluttist til sveitarfélaga. Málið var rætt og vísað til frekari skoðunar í framkvæmdastjórn.
- e. Aðalfundur SKA verður haldinn föstudaginn 23. nóv. kl. 13:00 á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs á Egilsstöðum. Óskað verður eftir því að félagsmálastjórar Fljótsdalshéraðs og Fjarðabyggðar komi inn á fundinn og flytji stutt yfirlit um stöðu málefna fatlaðs fólks.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:20

Sigurbjörn Marinósson ritaði fundargerð.